



**Þverárfjallsvegur (73-01)
Um Refasveit og
Skagastrandarvegur (74)
Um Laxá**

Frumdrög

**Umferðaröryggismat
(e. RSIA)**

Svör verkkaupa

Júní 2019

Efnisyfirlit

1.	Gögn sem voru yfirfarin	3
2.	Almennt.....	3
3.	Umhverfi.....	5
4.	Leiðaval.....	5
5.	Vegamót.....	6
6.	Hraði	6
7.	Aðliggjandi vegir og skipulag	6
8.	Óvarðir vegfarendur	7
9.	Samanburður kosta	7
10.	Niðurstöður.....	7

1. Gögn sem voru yfirfarin

Eftirfarandi gögn voru yfirfarin við öryggismat:

- Þverárfjallsvegur (73), Hringvegur – Lækjardalur. Skagastrandarvegur (74), Þverárfjallsvegur – Höskuldsstaðir í Blönduósbæ og Skagabyggð – Frumdrög – október 2012.
- Teikningar sem fylgdu (7 stk).
 - Afstöðumynd
 - Yfirlitsmynd
 - Umhverfispættir, yfirlitsmynd
 - Grunnmynd af framkvæmdasvæðinu
 - Breytingar á vegum
 - Langsnið veglínu (2 teikningar)
- Blað um breytingar frá frumdrögum – maí 2019
- Teikning sem sýnir drög að breytti hæðarlegu um brúarstæði Laxár – júní 2018
- Yfirlitsmynd bitabréf yfir Laxá – maí 2019.

2. Almenn

Í þessu umferðaröryggismati er lagt mat á veglínu Þverárfjallsvegur um Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá, sjá yfirlitsmynd hér að neðan:



Í frumdrögunum er framkvæmdinni lýst á eftirfarandi hátt:

"Til stendur að byggja nýjan 8,5 km langan stofnveg frá Hringvegi austan Blönduóss, að Þverárfjallsvegi (744) skammt austan við brú á Laxá. Að framkvæmdum loknum mun vegurinn verða hluti Þverárfjallsvegur sem fær nýtt vegnúmer, þ.e. Þverárfjallsvegur (73). Nýi vegurinn mun leysa af hólmi hluta af núverandi stofnvegi auk þess sem einn héraðsvegur verður lagður af. Vegir sem breytast eru:

- Skagastrandarvegur (74-01), milli Hringvegjar og vegamóta við Þverárfjallsveg sem að framkvæmdum loknum mun verða gerður að héraðsvegi
- Neðribyggðarvegur (741), milli Skagastrandarvegjar við Enni og Skagastrandarvegjar við Lækjardal. Að framkvæmdum loknum verður Neðribyggðarvegur aflagður.

Frá nýjum Þverárfjallsvegi verður byggður um 3,3 km langur vegur til norðurs, með nýrri brú yfir Laxá, og inn á núverandi Skagastrandarveg norðan við Höskuldsstaði í Skagabyggð. Þessi vegur með nýrri brú mun að framkvæmdum loknum verða hluti Skagastrandarvegjar (74). Hann mun leysa af hólmi hluta af núverandi Skagastrandarvegi (74-02) milli vegamóta við Þverárfjallsveg og að stað um 800 m norðan Höskuldsstaða. Núverandi Skagastrandarvegur (74), frá vegamótum við Þverárfjallsveg og að heimreið að Höskuldsstöðum verður að framkvæmdum loknum gerður að héraðsvegi. Núverandi vegkaflí, frá heimreið að Höskuldsstöðum og að útboðsenda nýs Skagastrandarvegjar verður aflagður, sjá teikningu 5.

Í tengslum við framkvæmdina verða 8 minni vegtengingar byggðar við Þverárfjallsveg og 2 vegtengingar við Skagastrandarveg, alls um 5,0 km langar og er því heildarlengd vega- og brúar um 16,8 km.

Markmið framkvæmdarinnar er að:

- auka umferðaröryggi vegfarenda og íbúa svæðisins
- tryggja greiðari samgöngur
- bæta sambúð vegar og umferðar við íbúa og umhverfi"

Í frumdrögunum segir einnig um hönnunarforsendur veganna:

"Alls eru því ≤ 2125 ÁDUr (fólksbílafngildi) heimiluð um vegtegund C8.

Samkvæmt tölum í aftasta dálki í töflunni hér að ofan má sjá að ÁDUf er alls staðar minna en heimilað er samkvæmt vegstaði fyrir C8. Því eru eftirfarandi vegtegundir notaðar í frumdragahönnun, sjá töflu 5:

Tafla 5. Yfirlit vegtegunda þeirra vega sem hér er fjallað um.

Vegnúmer	Vegtegund
73-00 (74-01)	C8
74-02	C8
73-01 (744-01)	C8

Aðrar hönnunarforsendur eru eftirfarandi:

- Hönnun burðarlaga miðar við 20 ára líftíma
- Gert er ráð fyrir að fyllingar og skeringarfláar verði 1:3
- Hönnunarhraði verður ≈ 90 km/klst
- Hönnunaröxulþungi 11,5 tonn"

Ekki er gert ráð fyrir reiðvegum eða gönguleiðum meðfram nýjum vegum.

3. Umhverfi

Gert er ráð fyrir 8 m breiðu öryggissvæði sem samkvæmt Veghönnunarreglum er fyrir hönnunarhraða 100 km/klst og ÁDU_h 301 – 3000. Á þversniði fyrir vegtegund C_8 er sýnt aukið öryggissvæði 8 m en ekki kemur fram hvort hannað hafi verið með tilliti til þess eða það skoðað sérstaklega.

Núverandi Skagastrandarvegur fer um bæði grannsvæði og fjarsvæði vatnsverndar á svæðinu en ný lega tekur veginn út úr nærsvæðinu og hann fer einungis inn á jaðar fjarsvæðis vatnsverndarsvæðis í Vatnahverfi á stuttum kafla við Ullarvatn.

Einhverjar fornleifar liggja innan áhrifasvæðis framkvæmdar og gæti þurft að taka tillit til þeirra á einhverjum stöðum innan öryggissvæðis.

Svar: *Í forhönnun verður miðað við 8 m lágmarksöryggissvæði, auk þess verður tekið tillit til tvöfalds lágmarksöryggissvæðis skv.kafla 5.4.3 í Veghönnunarreglum. Tekið verður tillit til fornleifa við hönnun á næstu stigum samhliða vinnu við mat á umhverfisáhrifum.*

4. Leiðaval

Einungis er um eina leið að ræða fyrir hvorn veginn fyrir sig í þessum frumdrögum en í blaði sem fylgir með og er skrifað í maí 2019 er gert ráð fyrir breytingu á veglínu Þverárfjallsvegar næst Hringvegi þannig að vegurinn fari ekki um votlendi. Við þessa breytingu fara út vægar beygjur sem eru á veginum, væntanlega til að draga úr hraða áður en kemur að vegamótum við Hringveginn. Rýnihópur velti því fyrir sér hvort skoða mætti að setja vægar beygjur á breytta útfærslu til hægja á vegfarendum áður en komið er að Hringveginum.

Svar: *Gerð hafa verið drög að breyttri veglínu næst Hringvegi, upphafleg tillaga úr frumdrögum hér eftir kölluð tillaga A og breyting við Hringveg tillaga B. Tillaga B felur í sér 650 m radíus næst vegamótum Hringvegar ásamt vægum beygjum sem er talið stuðla að nægilegri hraðalækkun og bæta fjarlægðarskyn í aðdraganda vegamótanna. Tillögu að breytingu má sjá samhliða upphaflegri línu hér að neðan.*



Vegirnir liggja um frekar flatt land og eru allir planbogar og hábogar samkvæmt staðli. Gerð hefur verið tillaga að breytingu á lágboga sem liggur yfir brúarstæði Laxár og stækkar lágboginn úr 3000 m í 7000 m sem að mati rýnihóps bætir hæðarleguna.

Rýnihópur hefur smá áhyggjur af þverhallabreytingum sem eru gerðar á nokkrum stöðum þar sem langhalli er lítill, undir 5%. Gera má ráð fyrir afar litlum sniðhalla á þeim stöðum og er spurning hvað hönnuðir ætli að gera í þessu.

Svar: *Verður skoðað á forhönnunarstigi*

Ekki virðast vera nein vandræði með sjónlengdir þar sem vegirnir liggja um frekar flatt land, en passa þarf upp á að þær séu alls staðar uppfylltar.

Ný veglína á Skagastrandarvegi gerir ráð fyrir nýrri tvíbreiðri brú yfir Laxá sem leysir þá af hólmi núverandi einbreiða brú, sem er jákvætt. Einungis er gert ráð fyrir vegriðum á nýjum veglínunum við nýja brú, en vegrið bera alltaf í sér áhættu við útafakstur.

5. Vegamót

Ekki er í frumdrögum gert ráð fyrir breytingum á vegamótum Hringvegar og Þverárfjallsvegar, en rýnihópur vill benda á hvort ekki sé ástæða til að athuga með að setja vinstribeygjurein á Hringveginn. Sjónlengdir viðast vera í góðu lagi í fyrirhuguðum vegamótum.

Svar: *Þörf fyrir stefnugreiningu eða bingu á vegamótin verður metin í forhönnun*

Skagastrandarvegur kemur inn á Þverárfjallsveg um 400 m frá brúnni yfir Laxá. Mikill hæðarmunur er á brúarstæðinu og vegamótunum og þarf að passa upp á að sjónlengdir séu uppfylltar við vegamótin.

Svar: *Verður skoðað í forhönnun*

Á nýjum Þverárfjallsvegi verða 8 minni vegtengingar og á nýjum Skagastrandarvegi verða 2 minni vegtengingar. Samkvæmt Veghönnunarleiðbeiningum á að vera minnst 200 m á milli vegtenginga og er það uppfyllt alls staðar nema þar sem tengingar inn á Blönduós og Enni eru. Þar virðist einungis vera 50 m á milli tenginga. En þar sem gert ráð fyrir að veglínan breytist á þeim kafla þá er ekki vitað hvernig nýjar vegtengingar koma til með að vera en bent er á að setja þær með minnst 200 m millibili.

Svar: *Verður skoðað í forhönnun. Breyting á veglínu sem lýst er í svari við lið 4 hefur engin sjáanleg áhrif á möguleika þess að færa vegtengigarnar.*

6. Hraði

Gert er ráð fyrir að hönnunarhraði sé ≥ 90 km/klst og gerir breidd öryggissvæðis ráð fyrir hönnunarhraða 100 km/klst. Ekki er samt tiltekið í frumdrögum hvort hönnunarhraði komi til með að vera 90 km/klst eða hærri.

Svar: *Miðað verður við hönnunarhraða 100 km/klst*

7. Aðliggjandi vegir og skipulag

Sú veglína sem fjallað er um í frumdrögum er í samræmi við þá veglínu sem sýnd er í gildandi Aðalskipulagi Blönduósbæjar frá 25.05.2012.

Ekki er fjallað um aðliggjandi vegi að öðru leyti en gert er á öðrum stöðum í matinu.

8. Óvarðir vegfarendur

Ekki er fjallað um umferð óvarinna vegfarenda í frumdrögunum og því hefur rýnihópur ekki skoðað það sérstaklega.

9. Samanburður kosta

Einungis er um einn kost að ræða fyrir hvort vegstæði fyrir sig og því er ekki um neinn samanburð kosta að ræða.

10. Niðurstöður

Almennt séð er um vel unnin og ítarleg gögn að ræða og hefur rýnihópur ekki neinar athugasemdir um veglínurnar.

En það eru nokkrir hlutir sem skoða mætti er veginir fara í hönnun:

- Skoða mætti hvort ekki ætti að setja á breytta legu Þverárfjallsvegar vægar beygjur eins og er á þeirri legu sem er í frumdrögunum.
- Skoða þarf hvað gera eigi við þverhallabreytingar þar sem verið er að snúa þverhalla þar sem langhalli er mjög lítill.
- Almennt þarf í verkhönnun að athuga hvort að sjónlengdir séu ekki alls staðar uppfylltar og þá sérstaklega við vegamót Þverárfjallsvegar og Skagastrandarvegar.
- Athuga þarf í verkhönnun hvernig útfærsla á vegamótum við Hringveginn verður og hvort ástæða sé að setja vinstribeygjurein á Hringveginn.
- Passa þarf upp á að vegtengingar við Blönduós og Enni séu með nægilega fjarlægð á milli.

Svar: *Allt góðar athugasemdir sem tekið verður tillit til á næstu hönnunarstigum.*

Fyrir hönd Vegagerðarinnar

Erlingur Jensson, Vegagerðinni
Vottaður umferðaröryggisráðgjafi

Sigrún Marteinsdóttir, Eflu
Umferðaröryggisráðgjafi